



# ReykjavíkúAkademían

## ÁRSSKÝRSLA 2022



## **EFNISYFIRLIT**

EFNISYFIRLIT .....	1
ÁVARP STJÓRNARFORMANNS .....	3
STARFSEMI OG SKIPULAG .....	4
FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFSEMI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR .....	5
STEFNA REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2025 .....	6
SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLKS. STEFNUSKRÁ 2021–2022 .....	8
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2022 .....	9
HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2022–2023 .....	10
SVIPMYNDIR FRÁ AFMÆLISMÁLÞINGINU Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir .....	16
SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR .....	18
SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022–2023 .....	19
ÞORGERÐARMÁL .....	20
SKÝRSLA STJÓRNAR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022–2023 .....	21
BÓKASAFN DAGSBRÚNAR .....	23
Í MINNINGU BJÖRNS S. STEFÁNSSONAR (1937–2023) .....	27
ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2022 .....	28
ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022 .....	31
FRÆÐIMENN OG FÉLÖG .....	32

---

**ReykjavíkAkademían. Ársskýrsla 2022**

Júní 2023

Ábyrgðarmaður Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Ljósmyndir Anna Þorbjörg nema annað sé tekið fram.

Útgefandi: ReykjavíkAkademían ses

Útgáfunúmer RA-2023-2

Þórunnartún 2, 105 Reykjavík

562 8565 / [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

[www.akademia.is](http://www.akademia.is)

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Splunkunýr aldarfjórðungur ReykjavíkurAkademíunnar hófst þann 7. maí á síðastliðnu ári þegar við fögnuðum með afmælistálfingi í Safnahúsinu í Reykjavík þar sem við rifjuðum við upp sögu Akademíunnar og þau fjölmörgu rannsóknar- og miðunarverkefni sem hafa verið unnin undir hennar hatti. Afmælistárið nýttum við svo til að fylla í skörð skjalasafns ReykjavíkurAkademíunnar og vinna úr heimildunum efni til birtingar í rétttri tímaröð á vefnum okkar. Þeirri söfnun verður fram haldið og við biðjum ykkur sem lumið á myndum, skjölum og eða upplýsingum um starfið að hafa samband. Þegar hafa ómetanleg gögn borist, þar á meðal myndbönd frá fyrstu árunum, ómetanlegar minningar og efni fyrir skrásetjara sögunnar.

Við vinnum einnig að því að endurgera félagatal Félags ReykjavíkurAkademíunnar og búið er að smíða gagnagrunn „Störf og afurðir fræðafólks sem starfar sjálfstætt“ með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Mikil vinna er ennþá eftir við að uppfæra gögnin. Í fyrstu einkoröðast grunnurinn við féлага Reykjavíkur- og AkureyrarAkademíunnar en stefnt er að skráningu á störfum og afurðum sjálfstætt starfandi fræðafólks utan þeirra.

Í nóvember héldum við annað afmælistálfing, *Sjálfstæðir rannsakendur — umhverfi og áskoranir*. Þar drógu fyrirlesarar og þau sem sátu í pallborði upp mynd af starfi og starfsumhverfi fræðafólks sem starfa sjálfstætt og komu fram með góðar tillögur. Auk þess kortlagði starfshópurinn sem undirbjó málfingið rannsóknsumhverfið í skýrslunni *Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt. Tillögur til úrbóta*. Bæði upptaka frá málfinginu og skýrslan eru aðgengileg á vefnum okkar. Þar kemur skýrt fram hversu illa starfsemi fræðafólks sem starfar sjálfstætt fangast upp í opinberum tölum og hversu takmarkað aðgengi þess er að opinberu fjármagni til að sinna rannsóknum og þekkingarmiðlun. Við höfum átt fundi með ráðamönnum því okkur þykir fram hjá okkur litið þegar kemur að stefnumótun og umræðu um rannsóknir og nýsköpun og er staðan dregin saman í greininni *Undan huliðshjálminum. Fræðasamfélagið utan háskólanna* sem birtist í vorhefti Sögu 2023.

Við höldum þannig ótrauð áfram að greina stöðu fræðasamfélagsins utan háskóla og efla hana eins og mögulegt er ekki síst í þágu þeirra fjölmörgu sem eru í framhaldsnámi í félags- og hugvísindum, hér heima eða erlendis, og þeirra sem hafa lokið prófi starfa að rannsóknum og þekkingarmiðlun án þess að gegna fastri stöðu innan háskólanna.

Á haustmánuðum 2023 býður ReykjavíkurAkademían til fyrsta Fræðapingsins -samráðsvettvangs hug- og félagsvísindafólks sem þá verður haldið undir yfirskriftinni *Innan garðs og utan*. Þar áformum við að ræða stöðu hug- og félagsvísinda, stöðu fræðafólks utan háskólanna, aðgang þess að opinberum styrkjum til rannsókna og þekkingarmiðlunar og stöðu ungs fræðafólks.

Það er því brýnt að fylkja liði og ReykjavíkurAkademían á, þarf og vill vera hreyfiafl og málsvari fræðasamfélagsins utan háskólanna og það getur hún með sinni öfluglu grasrót, nýsköpun, fræða- og menningarstarfi og sem samfélag góðra kollega og vina.

Lilja Hjartardóttir, formaður stjórnar

## STARFSEMI OG SKIPULAG


Opin umræða og skoðanaskipti eru grundvöllur þess að akademísk fræði þrífist og dafni og þar gegnir ReykjavíkurAkademían lykilhlutverki fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

ReykjavíkurAkademían byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem er félag á annað hundrað sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi, stofnað árið 1997.

Félagið tilnefnir fulltrúa í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses, sjálfseignarstofnunar

sem er allt í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og bakhjarl rannsókna og miðlunar sjálfstætt starfandi fræðimanna.

ReykjavíkurAkademían er í Þórunnartúni 2. Fyrstu hæðinni deilir Akademían með *Bókasafni Dagsbrúnar*, sérfræðisafni um íslenska verkalýðshreyfingu og vinnumarkað. Þar er fundarherbergið *Ráðslag* og *Dagsbrún*, fyrirlestrasalur Akademíunnar. Á annarri hæð eru skrifstofa Akademíunnar, *Gáfnaskrín* (fundarherbergi) og 38 borð sem leigð eru fræðafólki um lengri og skemmri tíma.



## FÓLKID Á BAK VIÐ STARFSEMI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

### Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses (RA)

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar sem var kosin á aðalfundi 25. maí 2022 hélt 11 fundi á starfsárinu.

Formaður er Lilja Hjartardóttir, varaformaður Katrín Theódórsdóttir, ritari Gunnar Þorri Pétursson, gjaldkeri Gylfi Gunnlaugsson og meðstjórnandi Kristín Jónsdóttir. Varamenn í stjórn eru Bára Baldursdóttir og Ingunn Ásdísardóttir.



### Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (FRA)

Stjórn FRA kosin á aðalfundi 2021 hélt 6 fundi á starfsárinu auk samráðs utan reglulegra funda.

Formaður Katrín Theódórsdóttir, gjaldkeri Arnór Gunnar Gunnarsson, ritari Árni Finnsson og meðstjórnendur þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Salvör Aradóttir.



Ekki var haldinn sameiginlegur fundur stjórna (F(RA)) á þessu starfsári.

### Fagstjórn Bókasafns Dagsbrúnar

Kristín Jónsdóttir og Mörður Árnason eru fulltrúar RA í

fagstjórn bókasafnsins. Kristín er jafnframt formaður fagstjórnar.

### Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðamanna

Fulltrúi RA í stjórn sjóðsins er dr. Þórunn Sigurðardóttir og dr. Davíð Ólafsson til vara.

### Afmælisnefnd

Formaður Lilja Hjartardóttir, Bára Baldursdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þorleifur Hauksson.

### Öndvegisstjórar

Katrín Theódórsdóttir og Gunnar Þorri Pétursson

### Sælustjórar

Salvör Aradóttur og Ingibjörg Hjartardóttir.

### Akademónar í húsi

Á árinu 2022 störfuðu 40 vísinda- og fræðimenn, rithöfundar, þýðendur og fleira fjölbæft og listrænt fólk í Þórunnartúni 2.

Nöfn allra eru aftast í þessari skýrslu ásamt lista yfir stofnanir, fyrirtæki og félög sem störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2022.

### Starfsfólk og ráðgjafar

Á starfsárinu (júní 2022-júní 2023) störfuðu 5 einstaklingar hjá ReykjavíkurAkademíunni í samtals 2,9 stöðugildum.



Framkvæmdastjórinn Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir var í fullu starfi. Sigurgeir Finnsson var í 70% starfshlutfalli við Bókasafn Dagsbrúnar og í 30% starfi sem sérfræðingur Akademíunnar fram í miðjan janúar. Linda Guðlaugsdóttir hóf störf á skrifstofu stofnunarinnar 1. apríl 2023 í 50 % starfshlutfalli.

Þá störfuðu unnu sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jónsson sumarið 2022 að gerð gagnagrunns yfir störf sjálfstætt starfandi fræðafólks á tímabilinu 1987-2021. Verkið var styrkt af Nýsköpunarsjóði Námsmanna.

## Verkefnisstjórar



Árni Gylfason annast upptökur og streymi á stærri viðburðum og er ráðgjafi RA varðandi umsjón og leigu á upptökubúnaði RA.



Eins og undanfarin ár hafði Ingibjörg Hjartardóttir umsjón með Bókasafni Dagsbrúnar eftir að forstöðumaður þess lét af störfum.

Birkir Fannar Einarsson var ráðinn til þess yfirfara og samþætta samfélagsmiðla Akademiunnar og vinna kynningarefni. Verkefninu miðar vel.



Björg Árnadóttir stýrði viðburðarröðinni ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslisti sem lauk í júní 2022.



Vorið 2023 var Ólöf Anna Jóhannsdóttir ráðin til þess að móta nýtt félagatal ReykjavíkurAkademíunnar. Verkefnið stendur enn yfir.

## Amtmaður

Björg Hjartardóttir var amtmaður hluta starfsársins. Hún hafði umsjón með sýslumönnum, aðstoðaði fræðafólk og sinnti viðhaldi.

## Vertu með okkur í liði!

ReykjavíkurAkademían er samfélag sjálfstætt starfarandi fræðafólks. Á vefsíðunni eru ýmsar upplýsingar um kosti aðildar að Félagi ReykjavíkurAkademíunnar.

Doktorsnemum og nýdóttorur sem vinna að rannsóknum njóta 30% afsláttar af leigu.

Félög og lítil fyrirtæki eru aðilar að ReykjavíkurAkademíunni og þátttakendur í að skapa dýnamískt fræðafélag. Mörg þeirra nýta aðstöðu RA til funda- og viðburðahalds.

Á forsíðu vefs Akademíunnar eru krækjur á umsóknareyðublöð sem þarf að fylla í til að sækja um aðild að FRA eða um vinnuástöðu í Þórunnartúni 2.\*

Hægt að senda fyrirspurnir á skrifstofu RA á netfangið [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

\* Félagsaðild: [akademia.is/thjonusta/umsokn-um-felagsadild/](https://akademia.is/thjonusta/umsokn-um-felagsadild/)  
Vinnuástaða: [akademia.is/thjonusta/umsokn-um-vinnuadstodu/](https://akademia.is/thjonusta/umsokn-um-vinnuadstodu/)

## STEFNA REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2025

Stefna ReykjavíkurAkademíunnar 2021–2025 kom út í nóvember. Vinna við gerð hennar hófst um miðbik árs 2019 og náði hámarki í nóvember sama haust þegar demónar komu saman í Skálholti og greindu hlutverk og framtíðarsýn ReykjavíkurAkademíunnar og tækifæri til umbóta.

Í stefnunni er lögð áhersla á að þetta bakland sjálfstætt starfandi fræðimanna með eflingu innviða stofnunarinnar sjálfrar og aukinni þjónustu við félagsmenn. Þá skal vinna að því að styrkja og skýra ytra starfsumhverfi félagsmanna og lyfta fram opinberlega þeim ávinningi sem vinna og sköpunarkraftur sjálfstætt starfandi fræðimanna skilar íslensku samfélagi í formi aukinnar þekkingar, sjálfsskilnings og efnahagslegum ábata.

Væntingar stjórnenda RA eru þær að á næstu árum muni ímynd RA styrkjast verulega, félagsmönnum og rannsóknaverkefnum fjölga og samráð og samvinna efla við atvinnulíf, sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagsamtök.

Framtíðarsýnin byggir á fjórum meginstoðum og innan hvernar stoðar eru skilgreind mælanleg markmið, áherslupættir og verkefni sem unnið verður að á næstu fimm árum.



Stefnuna má nálgast á vefsíðu ReykjavíkurAkademíunnar



## SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLKS. STEFNUSKRÁ 2021–2022

Samhliða útkomu stefnu ReykjavíkurAkademiunnar 2021–2025 hóf stjórn ReykjavíkurAkademiunnar vinnu við að efla þjónustu stofnunarinnar við sjálfstætt starfandi fræðafólk. Lokamarkmiðið er að stofnunin verði miðja samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks og starfi í þágu þess og samfélagsins alls að því að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.

Verkefninu hefur verið skipt niður í fjögur undirmarkmið sem öll skarast með einum eða öðrum hætti:

- I. skilgreina hópinn og fylkja liði
- II. styrkja rannsóknainnviði og umhverfi rannsókna
- III. leiða í ljós hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks
- IV. gæta hagsmuna fræðafólks á vinnumarkaði

Fjöldmörg þeirra verkefna sem unnið er að innan Akademiunnar tengjast verkefninu með einum eða öðrum hætti og er tæpt á hluta þeirra í kaflanum *Helstu verkefni 2021–2022* sem er á bls. 9–11 í þessari ársskýrslu.

Sérstök *stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022* var unnin til að ná yfirsýn yfir verkefnið. Nú er unnið eftir *stefnuskrá stjórnar RA 2022–2023* og verður hún uppfærð eftir því sem verkefninu vinnur fram.

*Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks.  
Stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022 má  
nálgest á vefsíðu stofnunarinnar.*



## LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2022

### Rekstartölur

Rekstartekjur umfram gjöld voru kr. 624.027.

Tekjur að frádregnum fjármagnstekjum skiptast þannig að rúm 32% eru sjálfsaflafé, að stærstum hluta leigutekjur. Umsýsla rannsóknarverkefna var í lágmarki sem og útleiga á aðstöðu og búnaði.

Tæp 42 % af tekjum ársins eru framlag ríkis og tæp 2% styrkur frá Reykjavíkurborg vegna árána 2020 og 2021.

Framlag Eflingar vegna Bókasafns Dagsbrúnar eru rúm 24% af heildartekjum stofnunarinnar og nýttast til að greiða kostnað af rekstri safnsins sem er rúm 25% af rekstrarkostnaði RA. Kostnaður af grunnstarfsemi er tæp 34% af heildarkostnaði, laun og verktakagreiðslur tæplega 41% og kostnaður vegna sérverkefna 9,4%.

### Starfsmenn og ráðgjafar

Á árinu störfuðu við stofnunina 5 starfsmenn í 1,9 stöðugildum eða alls 23 mannmánuði.

### Fræðafólk og félög í húsi

Vinnuaðstaða var fyrir 37 fræðimenn á árinu og fjöldi fræðafóks alls 42 manns<sup>1</sup> Þar af voru 3 forsvarsmenn stofnana og félaga. Í eftirfarandi tölum er ekki gerður greinarmunur á einstaklingum og lögaðilum. 28 aðilar leigðu aðstöðu allt árið en 14 aðilar voru að meðaltali 6,6 mánuði í húsi. Meðaldvalartími aðilanna 42 voru því 10,2 mánuðir. 4 einstaklinga leigðu hálf borð allt árið.

Hlutfall kynja er jafnt, konur voru 54% fræðafólksins og karlar 46%.

Á árinu bættust 9 nýjir fræðimenn í hópinn en 3 heltust úr lestinni. Á árinu störfuðu 4

rannsóknánámsnemar í húsi sem nutu 30% afláttar á leigu.

Þónokkur fjöldi borða var laus allt árið og fleiri í lok árs en upphafi. Staðan er verri á þessu ári en þessi þróun hófst í heimsfaraldrinum sem hefur reynst sjálfstætt starfandi fræðafólki og þar með starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar þungur í skauti.

<sup>1</sup> Í upphafi árs voru vinnuborðin 38 en fækkaði í 33 í nóvember vegna þess að fimm borð voru tekin úr leigu svo koma mætti fyrir fundaraðstöðu og vinnuaðstöðu

bókasafnsins þegar fyrsta hæð Akademíunnar lokaði vegna leka.

## HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2022–2023

### Þjónustusamningar

Samningur við háskóla, vísinda og nýsköpunarráðuneytið var endurnýjaður til eins árs. Þá var í gildi þjónustusamningur við Reykjavíkurborg fyrir árið 2022. Í byrjun febrúar tilkynnti borgarritari skyndilega að Reykjavíkurborg myndi ekki styrkja starfsemina á árinu 2023 og þar með var hætt við þá yfirstandandi gerð samnings til 3ja ára.

### Stjórnun ReykjavíkurAkademíunnar

Árið 2006 var ReykjavíkurAkademían ses sett á fót og Félag ReykjavíkurAkademíunnar (áður ReykjavíkurAkademían) myndað með það hlutverk að styðja við starfsemi og standa vörð um hagsmuni stofnunarinnar. Stofnskrá stofnunarinnar og lög félagsins segja til um verkefni og um hlutverk en frá upphafi hefur reglulega farið fram umræða um verkaskiptingu og ekki síst samskipti milli stjórnanna.

Umræða um þetta málefni var reglulega tekin upp á flestum fundum stjórnar stofnunarinnar, bæði í umræðum um endurskipulagningu og hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar, verkaskiptingu milli stjórna og í umræðum um nauðsyn lagabreytinga og/eða breytingu á hefðum sem hafa myndast. Því miður komu ekki til umræðu í stjórn umbeðnar tillögur til útbóta á lögum og því ekki hægt að ljúka málinu á þessu starfsári.

Leitað var ráða hjá lögfræðingi stofnunarinnar og að hans ráði ákveðið að færa stjórnun stofnunarinnar og samskipti milli beggja stjórna að lögum frá og með aðalfundi 2023 (sjá skipurit) og vinna að breytingum á lögum ef á þarf að halda. Næsta starfsár verður nýtt til að skoða málið og festa í sessi samskipti stjórnanna tveggja. Í þeim tilgangi ákvað stjórn stofnunarinnar á hennar síðasta fundi að boða til funda beggja stjórna um miðjan júní.

### Aukinn sýnileiki

Áfram var unnið að því á árinu að sjálfvirknivæða starfræna miðla ReykjavíkurAkademíunnar. Ráðinn var



verkefnisstjóri til þess að marka stofnuninni stefnu varðandi samfélagsmiðla, tengja saman og gera sýnilega. Einnig að efla kynninguna á stofnuninni og félögum hennar.

### **Innviðir ReykjavíkurAkademíunnar**

Bókasafn Dagsbrúnar varð að loka síðasta haust vegna vatnsleka í gólfi á fyrstu hæðinni sem fyrst varð vart í byrjun apríl. Lekinn leiddi að lokum til þess að mygla kom upp rýminu. Hún magnaðist smátt og smátt, og var að lokum staðfest í byrjun nóvember. Hæðinni var þá lokað og nú í byrjun sumars 2023 gera bjartsýnar áætlanir ráð fyrir að hægt verði að hefja starfsemina að nýju um mánaðamótin ágúst september.

Mygla og lokun bókasafnsins leiddu til þess að Sigurgeir Finnsson sagði upp störfum og hætta þurfti við fundi, málþing og námskeið. Þá stöðvaði lekinn tímabundið áform um uppbyggingu á herbergi fyrir doktorsnema.

Við höfum sannarlega saknað Bókasafnsins og Dagsbrúnar, fallega nýja fundarsalarins okkar eftir erfið ár heimsfaraldurs. Við hlökkum því mikið til þess að fá bókasafnið, salinn okkar, fundarherbergi og litla eldhúsið aftur og þar með losnar um skrifstofupláss sem við höfum þurft til eigin nota

### **Vefsíðan**

Áfram var unnið að því á starfsárinu að bæta vefsíðu Akademíunnar sem ramma um ReykjavíkurAkademíuna, hlutverk hennar, þjónustu sem í boði er og sögu. Vefsíðan er stafræn miðja stofnunarinnar, vettvangur samfélags fræðafólks sem starfar utan háskólanna og heimild fjölbreytta starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar frá stofnun 1997. Í því augnamiði er, þegar færi gefst, rituð svokölluð *sögubrot* sem eru gamlar fréttir sem smám saman birtast í fréttahluta vefsíðunnar í rétttri tímaröð og í heild sinni í Gárum, síðu með sögulegu efni. Kallað er eftir ábendingum og efni frá félögum.

### **Störf og afurðir - gagnagrunnur og félagatal**

Sumarið 2022 smíðuðu sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jónsson gagnagrunn yfir fræðafólk Reykjavíkur- og AkureyrarAkademíanna, afurðir þess og styrkveitingar úr opinberum sjóðum. Rannsóknin hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna,

þá var unnin var skýrsla um verkefnið sem er aðgengileg á vef ReykjavíkurAkademíunnar og fyrirlestur fluttur á afmælistærþinginu Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir, 4. nóvember 2022.

Hafinn er undirbúningur áframhaldandi þróunar gagnagrunnsins; meðal annars með því að auka við efnið og gera innihaldið aðgengilegt á vef stofnunarinnar.

### **STAFRÆNIR MIÐLAR RA**

#### **VEFSÍÐAN**

[www.akademia.is](http://www.akademia.is)

#### **INSTAGRAM OG FACEBOOK**

[www.instagram.com/reykjavikurakademia/](https://www.instagram.com/reykjavikurakademia/)

[www.facebook.com/ReykjavikurAkademian/](https://www.facebook.com/ReykjavikurAkademian/)

#### **VIMEO OG YOUTUBE**

[vimeo.com/reykjavikurakademian](https://vimeo.com/reykjavikurakademian)

[www.youtube.com/@reykjavikurakademian7468](https://www.youtube.com/@reykjavikurakademian7468)

#### **PÓSTLISTAR**

FORUM, Fréttabréf ReykjavíkurAkademíunnar  
AKADEÓNAR, Póstlisti FRA  
DEMÓNAR, Innanhússpóstlistinn  
AKADEMÍUR, póstur RA og AkAk

**Fylgist með, deilið efni og lækið!**

## Endurgerð félagatala

Unnið er að því að forma nýtt félagatal ReykjavíkurAkademíunnar og færa inn upplýsingar afturvirkir frá stofnun árið 1997. Félagatalið er byggt upp í samhengi við gagnagrunninn og hugað er að sjálfvirkum tengingum við rafrænar umsóknir um félagsaðild og leigu á borði. Verkefnisstjóri er Ólöf Anna Jóhannsdóttir þjóðfræðingur og mastersnemi í kennslufræði.

Endurgerð félagatala síns er hluti af rannsóknarverkefninu *ReykjavíkurAkademían 1997–2022*

## Ferilskrár og þjónusta og þekking

Verið er að leggja lokahönd á þrjár viðbætur við vef ReykjavíkurAkademíunnar. Auk rafræns fræðimannatals, lista yfir nýjustu birtingar og vefgáttina þekking og þjónusta þar sem fræðafólki við ReykjavíkurAkademíuna gefst kostur á að auglýsa hæfni sína og þekkingu.

## IRIS

Aðild ReykjavíkurAkademíunnar að rannsóknagáttinni IRIS [iris.ra.is] er í undirbúningi. Vonir standa til að fyrstu fræðimenn Akademíunnar verði skráðir í grunninn á fyrri hluta næsta starfsárs.

## Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Haldið var áfram vinnu síðasta starfsárs við að rýna umgjörð og fjármögnun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Stjórn sjóðsins og fulltrúar Akademíunnar og Hagþenkis sem tilnefna hvor sinn fulltrúa í stjórnina, funduðu tvisvar á starfsárinu til að ræða stöðu Starfslaunasjóðs. Veikleikar hans eru verulegir. Meðal annars að sjóðurinn starfar ekki á grunni laga, að reglur sjóðsins eru óskýrar og fjármagn afar takmarkað.

ReykjavíkurAkademían gerði athugasemd við fjárlagafrumvarp 2023 vegna mikilla skerðinga á fjölda

mannmánaða sem úthlutað er úr sjóðnum. Þá var málið tekið upp á fundi með Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur ráðherra hvin stuttu síðar.

## Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar utan háskólanna

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar skipaði starfshóp til að skoða umgjörð rannsókna fræðasamfélagsins utan háskólanna. Í honum sitja þau Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar, stjórnarfélagið Ingunn Ásdísardóttir og Gylfi Gunnlaugsson og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri.

Helsta áhyggjuefnið er skert fjármögnun áhugadrifinna rannsókna. Við samanburð á þróun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna og þess hluta Rannsóknasjóðs sem úthlutar til nýrra verka á árunum 2015-2022 kom í ljós að

*Á meðan Starfslaunasjóður stækkaði um 10 milljónir, fór úr 35 milljónum í 45 milljónir þá stækkaði Rannsóknasjóður um 700 milljónir. Fóru úr 724 milljónum í 1,4 milljarð.*

Starfshópurinn vann skýrsluna *Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt* sem er aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þar er bent á hversu lokað og óaðgengilegt hið opinbera fjármögnunarkerfi er fræðafólki sem starfa að rannsóknum og þekkingarmiðlun utan háskólanna. Í skýrslunni er lagt til að Starfslaunasjóðurinn verði stækkaður í 550 milljónir á árinu 2023, að heiti sjóðsins verði breytt í Rannsóknasjóð sjálfstætt starfandi fræðafólks og að sjóðnum verði sett lög sambærileg lögum um Rannsóknasjóð.

Markmið með tillögunum er að jafna aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt og þess sem gegnir akademískum stöðum, að opinberum styrkjum til rannsókna. Einnig að efla grunnrannsóknir og auka fjölbreytni rannsókna, að tryggja nýliðun og sérfræðiþekkingu íslensks fræðasamfélags og að skila samfélaginu niðurstöðum rannsókna á íslensku.

### **Fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 - umsögn**

Í apríl var skilað inn umsögn við Fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. (Þingskjal 1398 – mál 894). Athugasemd ReykjavíkurAkademíunnar beinist að því að fræðasamfélagið utan háskólanna er hvergi ávarpað í fjármálaáætluninni þrátt fyrir að þar sé þung áhersla lögð á mikilvægi rannsókna og nýsköpunar.

### **Þekkingarsamfélagið og hug- og félagsvísindi - umsögn**

ReykjavíkurAkademían skilaði inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda um tillögu til þingsályktunar háskólaráðherra um stefnumótandi aðgerðir til að efla þekkingarsamfélagið á Íslandi til ársins 2025. Einnig um þingsályktunartillöguna þegar hún var lögð fram á Alþingi (Þingskjal 1530 – 982. mál). Báðar umsagnirnar er hægt að lesa á vef stofnunarinnar.

### **Hagræn áhrif fræðafólks sem starfar utan háskólanna**

Á síðasta starfsári hóf stjórn Akademíunnar að skoða hvernig hagræn áhrif af starfi fræðafólks sem starfar utan háskólanna birtist í opinberum hagtölum. Skemmst er frá því að segja að sýnileikinn er enginn og stofnunin vinnur að því að breyta þeirri staðreynd.

### **Bakhjarl á vinnumarkaði**

Staða fræðafólks sem starfar sjálfstætt utan háskóla er veikir á vinnumarkaði. Á starfsárinu var haldið áfram að ræða við forsvarsfólk BHM og Fræðagarðs og framkvæmdastjóri sótti aðalfund BHM. Í undirbúningi er umsókn um stofnun faghóps fræðafólks sem starfar utan háskólanna innan Vébanda Fræðagarðs. Þar verður lögð áhersla á að gæta hagsmuna þeirra sem starfa sjálfstætt og eru félagar ReykjavíkurAkademíunnar sem eru í Fræðagarði hvattir til þess að taka þátt í vinnu faghópsins.

### **Helgi í Húnavatnssýslu(m)**

Helgina 18.-19. mars lögðu (aka)demónar úr Akademíum Reykjavíkur og Akureyrar, land undir fót í þeim tilgangi að skjóta fastari stoðum undir sívaxandi samstarf Akademianna.

Áherslan var á að efla tengslin milli einstaklinganna sem eru forsenda samstarfs Akademianna um rannsóknir, þekkingarmiðlun og aukinn sýnileika fræðasamfélagsins utan háskólana. Meðal annars voru Textílmíðstöðin á Blönduósi og Selasetrið á Hvammstanga sótt heim. Seinni daginn var haldin vinnustofa

Helgin tókst vel, samstarf Akademianna um sameiginleg málefni mun halda áfram á grunni aðgerðaáætlunar sem unnin var á grunni niðurstaðna vinnufundarins.

## TUTTUGU OG FIMM ÁRA AFMÆLI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR – AFMÆLISÁR

ReykjavíkúAkademían fagnar 25 ára starfsafmæli og mun halda upp á áfangann með pompi og prakt. Á slíkum tímamótum er mikilvægt að horfa yfir farinn veg, lyfta fram því sem vel hefur verið gert og læra af því sem miður fór. Ekki síður er mikilvægt að nota tækifærið og ræða um og skilgreina þau fjölmörgu verkefni sem við blasa og vinna saman að lausn þeirra.

### Afmælisárið

Tvö málþing voru haldin á afmælisárinu. Það fyrra „Dútláð við Þjóðarsálinu“ var haldið laugardaginn 7. maí 2022 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Hið síðara. *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir* var haldið 4. nóvember í Þjóðarbókhöðunni. Þar drógu fyrirlesarar og þau sem sátu í pallborði upp mynd af starfi og starfsumhverfi fræðafólks sem starfa sjálfstætt og komu fram með góðar tillögur. Upptökur frá málþinginu er aðgengileg á vef Akademíunnar.

### Afmælisnefndin

Skipuð var afmælisnefnd til þess að skipuleggja afmælisárið og halda utan um dagskrá þess. Formaður er Lilja Hjartardóttir og ásamt henni sitja í nefndinni þau Gylfi Gunnlaugsson, Bára Baldursdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Þorleifur Hauksson.

### Endurgert félagatal 1997–2022

Félagatal Félags ReykjavíkúAkademíunnar yfir tímabilið 1997–2022 hefur ekki varðveist. Því er unnið að því að endurgerð þess. Vinnunni er ekki lokið en í byrjun maí 2022 samanstóð listinn af nöfnum 650 einstaklinga sem starfað hafa við Akademíuna um lengri eða skemmri tíma.

### Refill ReykjavíkúAkademíunnar

Í tengslum við afmælið var unnið yfirlit yfir rannsóknir-útgáfur- og viðburði á vegum ReykjavíkúAkademíunnar frá stofnun árið 1997. Yfirlitið sem fékk heiti Refill ReykjavíkúAkademíunnar og var prentað á 8 m langt spjald sem var stillt upp í Lestrarsal Safnahússins við Hverfisgötu meðan á málþinginu 7. maí stóð.

Það er ljóst að refillinn – glæsilegur eins og hann er – er ófullkominn að innihaldi. Við köllum því eftir upplýsingum sem ekki eru tiltækar um viðburði, rannsóknir og útgáfur. Hægt er að skoða refilinn á vef Akademíunnar, [akademia.is/refill/](http://akademia.is/refill/)



## Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir

4. nóvember 2022

### Dagskrá

15:00 Ávarp.

Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur, formaður ReykjavíkurAkademíunnar.

15:10 *Á djúpslóð. Sjálfstætt starfandi sagnfræðingur með tímabilið 1300 til 1700 sem sérsvið segir frá.*

Dr. Árni Daníel Júlíusson sérfræðingur við Háskóla Íslands, vísindamaður við Stofnun Vilhjalms Stefánssonar og sjálfstætt starfandi hjá ReykjavíkurAkademíunni.

15:30 *Tveir fylgidjöflar þess að vera SSF.*

Pórunn Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur í ReykjavíkurAkademíunni.

15:40 *Samkeppnissjóðirnir og sjálfstætt starfandi fræðafólk.*

Ágúst H. Ingþórsson forstöðumaður Rannís.

15:55 Umræður og kaffi.

16:10 *Akademónar á Akureyri. Umhverfi og áskoranir.*

Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur í AkureyrarAkademíunni.

16:20 *Vá! Afurðir sjálfstætt starfandi fræðafólks við Akademíunnar. Gagnagrunnur unninn fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.*

Jens Arinbjörn Jónsson sagnfræðingur og félagi í FRA. Pétur Stefánsson nemi í sagnfræði við Háskóla Íslands.

16:30 *Opinn aðgangur? Útgáfa, kostnaður og aðgangur að vísindaefni.*

Sigurgeir Finnsson forstöðumaður Bókasafns Dagsbrúnar og sérfræðingur ReykjavíkurAkademíunnar.

16:40 *Hvað svo? Panell.*

Umræðustjóri dr. Gunnar Ásdísardóttur þjóðfræðingur og sjálfstætt starfandi við ReykjavíkurAkademíuna.

Ágúst H. Ingþórsson, dr. Árni Daníel Júlíusson, dr. Unnur G. Óttarsdóttir listmeðferðarfræðingur og sjálfstætt starfandi við ReykjavíkurAkademíuna, dr Sólveig Ásta Sigurðardóttir stundakennari við Háskóla Íslands og starfandi við ReykjavíkurAkademíuna og Atli Antonsson doktorsnemi við Háskóla Íslands og starfandi við ReykjavíkurAkademíuna.

Málþingsstjóri: dr. Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur, nýdoktor við Háskóla Íslands. Félagi í FRA.

Fagnaðarmóttaka með léttum veitingum



# SVIPMYNDIR FRÁ AFMÆLISMÁLÞINGINU Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir



## RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir þeirra félaga sem starfa sjálfstætt innan vébanda Félags ReykjavíkurAkademíunnar. Rannsóknir félaganna eru fjölbreyttar, ná yfir margbreytileg sérsvið og flokkast ýmist sem grunnrannsóknir eða sem hagnýtar rannsóknir. Fræðafólkið starfar ýmist eitt eða í samvinnu við innlenda og erlenda rannsóknarhópa.

Rannsóknarstjóri RA heldur utan um rannsóknarverkefnið í samvinnu við verkefnisstjóra þess og annast um og ábyrgist bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru við stofnununa. Á Bókasafni Dagsbrúnar er einnig í boði ýmis þjónusta tengd rannsóknum. Þar má nefna aðstoð við upplýsingaleit og millisafnalán auk hagnýtra námskeiða. Þá býður Miðstöð framhaldsnám hjá Háskóla Íslands fræðafólki Akademíunnar að taka þátt í völdum námskeiðum sem sniðin eru fyrir doktorsnema.

### Rannsóknir með heimilisfesti í ReykjavíkurAkademíunni

Fletum rannsóknarverkefnum sem RA hýsti lauk á árinu 2022 og því miður hafa umsóknir rannsóknahópa á vegum RA í rannsóknarsjóði ekki hlotið brautargengi undan farin ár. Þá hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar ekki farið mjúkum höndum um sjálfstætt starfandi fræðafólk því ekki eingöngu sló veiran út stóran hluta vinnumarkaðarins heldur lamaði hún einnig tengslanetið og hindraði það samtal sem þarf að fara fram til að skapa rannsóknarhópa.

#### *Skriv dig fri!*

Björg Árnadóttir

Undirbúningsstyrkur frá Nordplus til að vinna umsókn um styrk að stærra samvinnuverkefni norrænan ritlistarkennara.

Samstarfsaðilar ReykjavíkurAkademíunnar eru Fróðskaparsetur Føroya og Forfatterskolen í Noregi.

#### *Sögur og fylgdarmenn.*

Axel Kristinsson, Árni Daníel Júlíusson og Viðar Hreinsson

Styrkt af RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árið 2020 og 2023 felur m.a. í sér vinnslu gagnagrunns um þekktu fylgdarmenn helstu höfðingja Sturlungaaldar.

#### *Gagnagrunnur: störf og afurðir fræðafólks sem starfar utan háskólanna*

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir. Grunnur verkefnisins var lagður sumarið 2022 en þá hlaut ReykjavíkurAkademían styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og voru sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jensson ráðnir til að vinna gagnagrunn.

#### *ReykjavíkurAkademían 1997–2022*

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Verkefnið gengur út á að safna í skjalasafn RA heimildum sem varða starfsemi félagsins og stofnunarinnar á tímabilinu 1997–2022. Meginmarkmiðið er að gera fylla í skörð skjalasafns RA, endurgera félagatal FRA 1997–2022 og vinna úr efni til birtingar á vefsíðu stofnunarinnar.

## SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR

### ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir

Umfangsmikil viðburðaröð sem byggir á víðtæku samstarfi. Hugmyndasmiðurinn og verkefnisstjóri er Björg Árnadóttir. Nánari er fjallað um viðburðaröðina á bls. 21 í ársskýrslu 2022. Lokaviðburðinn LANGBORÐ: HVER ERU ÓSÝNILEG Í ÍSLENSKU LISTALÍFI? var haldinn 15. Júní í Klúbba Listahátíðar, lðnó og í beinni útsendingu.

Þá var lokafundur verkefnisins haldinn í húsi Hjalpræðishersins við Suðurlandsbraut í lok nóvember. Markmið fundarins er að virkja þátttakendur í verkefninu er að halda vakandi tengslanetinu sem myndaðist í kringum málþingið og m.a. að taka yfir



umsjón Facebook-síðu hópsins sem telur

### Þorgerðarmál

Laugardaginn 17. september 2022 voru Þorgerðarmál haldin í Dagsbrún, fundarsal ReykjavíkurAkademíunnar til minningar um fræðikonuna dr. Þorgerði H. Þorvaldsdóttur, sagn og kynjafræðingi sem starfaði við ReykjavíkurAkademíuna frá árinu 1999 að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, ein og í samstarfi við aðra.

Dagskráin var mjög glæsileg og málþingið vel heppnað og hélt salurinn vel utan um viðburðinn.

Skipuleggjendur málþingsins voru þær Bára Baldursdóttir og Lilja Hjartardóttir og fundarstjóri Ásthildur Elva Bernharðsdóttir.

Nánari upplýsingar og upptökur frá málþinginu eru að finna á vefsíðu Þorgerðamála:

[www.akademia.is/thorgerdarmal/](http://www.akademia.is/thorgerdarmal/)

### Undan huliðshjálminum

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir rituðu greinina Undan huliðshjálminum. Fræðasamfélagið utan háskólanna sem birtist í vorhefti Sögu, tímarits Sögufélagsins (LXI:1, 2023). Þar fjalla þær um bága stöðu fræðafólks, bæði á atvinnumarkaði og í aðgengi að opinberum sjóðum.

### Fræðaping 2023

Fræðaping 2023 er í undirbúningi þingið er hugsað sem nýr árlegur vettvangur um samstarf fræðafólks sem starfar utan og innan háskólanna að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda. Markmiðið er að skapa sameiginlega sýn fræðafólks sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun, ræða tækifæri og ógnanir og leggja grunn að samvinnu um rannsóknir og þekkingarmiðlun þvert á starfsvettvang og ólíkar fræðigreinar.

Fræðaping 2023 verður haldið föstudaginn 22. september undir yfirskriftinni Innan garðs og utan. Þar verður sjónum beint að hlutverki hug- og félagsvísinda, þeim hluta fræðasamfélagsins sem starfar utan háskólanna, að opinberri fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og möguleikum ungs fræðafólks að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun.

## SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022–2023

Tekin var upp sú nýbreytni að gefa skýrslum ReykjavíkurAkademíunnar útgáfunúmer og birta á vefsíðu stofnunarinnar. Tilgangurinn er að tryggja aðgengi Félaga í FRA og styrktaraðila RA að upplýsingum um starfsemina og að halda saman skýrslu Akademíunnar og auka með því samfellu í starfi stofnunarinnar.

### RA-2022-3

Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt. Tillögur til úrbóta. Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

[www.akademia.is/opinbera-fjarmognun-rannsokna-fraedafolks-sem-starfar-sjalfstaett/](http://www.akademia.is/opinbera-fjarmognun-rannsokna-fraedafolks-sem-starfar-sjalfstaett/)

### RA-2022-4

**Starf og afurðir sjálfstætt starfandi fræðimanna.**

**Fræðileg lokaskýrsla/rannsóknaskýrsla**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

### RA-2023-1

**Öllum til heilla. Samtal um samfélagslistir**

Skýrsla Bjargar Árnadóttur verkefnisstjóra viðburðarraðarinnar.

### RA-2023-2

**Ársskýrsla RA 2022**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

## ÞORGERÐARMÁL

Á Þorgerðarmálum er ljósi varpað á framlag dr. Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur, sagn- og kynjafræðings til fræðilegrar og samfélagslegrar umræðu og kynntar nýjar áherslur í þeim málaflokkum sem hún brann fyrir. Þar á meðal má nefna jafnrétti í víðum skilningi, kynjaða menningu og kynjaímyndir. Enn fremur orðræður og hugmyndir sem tengjast „ótrúlegri fegurð íslenskra kvenna“, „hinu jafnrétta norðri“, útvíkkun jafnréttishugtaksins, takmörkum kosningaréttarins, ímyndum rakara- og hárgreiðslustofa og líkamsbyltingum kvenna.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir (9. maí 1968 – 25. júlí 2020), sagn- og kynjafræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni lauk stúdentsprófi við Menntaskólann á Akureyri 1988 og BA-gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1995. MA prófi í kynjafræðum og femínískum kenningum frá The New School of Social Research í New York lauk hún 1998 og doktorsprófi í kynjafræðum frá Háskóla Íslands 2012. Frá 2006–2007 var Þorgerður Marie Curie styrkþegi við Tema Genus við Linköping háskóla í Svíþjóð.

### Dagskrá Þorgerðarmála

Dr. Ingunn Ásdísardóttir, þjóðfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, setur málþingið.

Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands:

**Listin að kafa til botns og fljúga hátt í senn.**

Dr. Guðný Gústafsdóttir, kynjafræðingur og verkefnisstjóri við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands:

**Í fótspor Fjallkonunnar.**

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands:

**Konur, klæðnaður og vald. Íslenskar konur í buxum að fornu og nýju.**

Lilja Hjartardóttir, stjórn málafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni:

**Konur á mörkuðum.**

**Stutt hlé**

Linda Vilhjálmisdóttir, rithöfundur flytur **fjallkonuljóðið** úr ljóðabókinni *Smáa letrið*.

Kristrún Heimisdóttir, lektor í lögfræði við Háskólann á Bifröst og fellow við Columbia- háskóla:

**Þor í fræðum – skarphygli Þorgerðar.**

Dr. Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands:

**Sagnfræðin, femínisminn og fortíðin.**

Dr. Irma J. Erlingsdóttir, prófessor í frönskum samtímabókmenntum og forstöðumaður Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) og RIKK.

**Afbygging sem aðferð. Lestur Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur á íslenskum kynjaveruleika.**

## SKÝRSLA STJÓRNAR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022–2023



Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar setti sér það markmið í upphafi vetrar að halda úti viðburðaríkri dagskrá við Öndvegisborðið, halda opna fundi á sal þar sem tekin yrðu fyrir málefni líðandi stundar og efna til sameiginlegra viðburða eins og leikhús- og vettvangsferða. Undir lok ársins 2022 kom upp mygla í salnum sem leiddi til þess að hugmyndir um opna fundi náðu ekki fram að ganga og því var ákveðið að leggja enn meiri áherslu á viðburði í Öndveginu m.a. með því að virkja sem flesta í húsi. Viðgerðir í salnum standa ennþá yfir.

Seinni hluta ársins 2022 fóru fram tiltektir og þrif í Þórunnartúni þar sem hreinsað var til bæði inni á herbergjum og í alrýminu, skipst var á húsgögnum, gert við og ónothæfum hlutum fargað. Hjörleifur Hjartar sá

um fjörið, Ingunn Ásdísar um spurningakeppni. Í lok vinnudags var boðið upp á pizzu og vínföng enda komið að hinni venjulegu Sælustund föstudagsins.

Jólin og jólaundirbúningurinn lét ekki á sér standa þetta árið frekar en önnur og fögnuðu Demónar á Litlu jólnum sem haldin voru á Fosshótelu 9. desember 2022.

Leikhúsin gleymdust ekki því þann 8. febrúar 2023 var efnt til leikhúsferðar og farið á sýninguna Marat/Sade í Borgarleikhúsinu eftir þýska leikskáldið Peter Weiss. Fyrir leiksýningu var sameiginlegt borðhald í Kringlukránni.

10. febrúar 2023 var haldið þorralblót í ReykjavíkurAkademíunni þar sem þorramat og góðum veigum voru gerð góð skil en Aðalsteinn Eyþórsson var veislustjóri og á Bolludegi var boðið upp á bolludagskaffi.

5. maí 2023 var gengið á fjöru með Guðrúnu Hallgrímsdóttur sem hafði sér til aðstoðar einn helsta þörungasérfræðing landsins, Karl Gunnarsson. Karl leiddi Demóna í allan sannleikann um lífríki fjörunnar en Guðrún bætti um betur með upplýsingum um efnisinnihald þörungagróðurs og heppilega matreiðslu hans.

Um helgina 18. til 19. mars 2023 fór hópur manna úr ReykjavíkurAkademíunni í ferðalag um Húnavatnssýslur í fylgd félaga úr AkureyrarAkademíunni.

### Öndvegi

23. nóvember 2022 gerði Árni Finnsson grein fyrir niðurstöðum stjórnskipaðrar nefndar sem fékk það hlutverk að kanna stöðu og áskorun varðandi þjóðgarða og önnur friðlýst svæði en hann átti sæti í þeirri nefnd.

19. janúar 2023 ræddi Arnþór Gunnarsson um rannsókn sem hann hefur nýhafið um ferðamannalandið Ísland og ferðamennsku árána frá 1919-1939. Um er að ræða framhald rannsóknar sem hann birti í tímaritinu Sögu 2015 undir heitinu „Ferðamannalandið Ísland. Fjöldi og formgerð erlendra ferðamanna 1858-1914“.

26. janúar 2023 kynnti Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra Hagbenkis, félag fræðirita og kennslugagna hlutverk og verkvið sjóðsins og helstu áskoranir.

22. febrúar 2023 hélt Haukur Arnþórsson erindi um meðferð og samþykki frumvarpa á Alþingi Íslendinga þar sem hann varpaði m.a. fram þeirri spurningu hvort farið væri að reglum stjórnarskrárinnar við setningu laga og hvernig eftirliti væri hagað þegar brotið væri gegn þeim.

1. mars 2023 sagði Hjörleifur Hjartarson frá bók í vinnslu um íslenska álfa og huldulönd, bók sem hann vinnur við í samstarfi við Rán Flygenring teiknara. 8. mars 2023 varpaði Sólrún Harðardóttir upp áhugaverðri vefsíðu með námsefni fyrir börn sem hún

hannaði fyrir Kópavogsbæ. Um er að ræða námsefni fyrir börn til að læra, meta og skilja náttúruna næst sér.

19. apríl 2023 fjallaði Þórunn Valdimarsdóttir um ellina og nefndi hún erindi sitt „Allur aldur á sér til ágætis nokkuð“. Þórunn ræddi meðal annars um þöggun ellinnar.

4. maí 2023 greindi Mörður Árnason frá vinnu sinni við aðstoð ritstjórnar bókar Elsu E. Guðjónsson, „Íslensk refilsaumsverk – merkur menningararfur“. Hann greindi frá ýmsum úrlausnarefnum sem upp komu við texta höfundar og komu í hans hlut að leysa. Ritstjóri bókarinnar Lilja Árnadóttir sat með Merði

í Öndvegi.

17. maí 2023 opnaði Þuríður Jónsdóttir dyrnar að tónsmíðum. Í erindi sínu, Hljóðróf og rófusláttur, fjallaði hún um flautukonsertinn Flutter og útskýrði nokkur hugtök og tónsmíðaaðferðir í tengslum við verkið.

24. maí 2023 sagði Björg Hjartardóttir frá baráttu Vestur-íslenskra kvenna fyrir kosningarétti í Manitoba. Erindi sitt nefndi hún Sigurvon og bænaskráin.

Almennt var gerður góður rómur að viðburðum vetrar og voru þeir allir mjög vel sóttir.



## BÓKASAFN DAGSBRÚNAR

Bókasafn Dagsbrúnar er sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknarsafn um sögu verkalýðshreyfingarinnar og vinnumarkað, það eina sinnar tegundar á landinu. Þá er safnið handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna. Eigandi safnsins er Efling stéttarfélag.

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í Þórunnartúni 2. Þar er góð vinnuaðstaða fyrir þá sem rannsaka þróun verkalýðshreyfingar, velferðarkerfis og íslensks atvinnulífs auk þess sem mögulegt er að fá leigða þar tímabundna vinnuaðstöðu. Safninu var lokað haustið 2022 vegna myglu sem kom upp í kjölfar leka.

Meðal markmiða samstarfsaðilanna er að efla safnkostinn með markvissri söfnun og grisjun, að uppfæra vefsíðu safnsins þannig að hún nýtist sem upplýsingabrunnur um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar og atvinnulífs og að hugað verði að nýjungum í rekstri bókasafna, svo sem rafrænum aðgangi að gagnasöfnum og opnum aðgangi.


Fagstjórn 2021-2023 skipa þau Kristín Jónsdóttir formaður, Mördur Árnason, Kristjana Mjöll Hjörvar og Viðar Þorsteinsson. Forstöðumaður Bókasafnsins Sigurgeir Finnsson bókasafns og upplýsingafræðingur lét af störfum í janúar 2023. Umsjónarkona bókasafnsins er Ingibjörg Hjartardóttir, bokasafn@akademia.is



Bókasafnið er með vefsíðuna bokasafndagsbrunar.is og er með síðuna facebook.com/bokasafndagsbrunar.

### Dagsbrúnarfyrirlestur 2022

Dagsbrúnarfyrirlestur fór fram fimmtudaginn 17. febrúar 2022 þegar Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins hélt fyrirlestur um fjárhagsstöðu innflytjenda á Íslandi, stöðu á húsnæðismarkaði og heilsu sem byggir á nýlegri könnun á stöðu launafólks meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem birtist í skýrslunni Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og



BSRB. Hægt er að horfa á fyrirlesturinn á slóðinni [youtube.com/watch?v=\\_d-qSj6O4tY](https://youtube.com/watch?v=_d-qSj6O4tY)

### Nýtt bókasafnskerfi

Á árinu var nýtt bókasafnskerfi tekið í notkun. Gamla kerfið, Aleph frá Ex Libris var komið nokkuð til ára sinna og því beðið eftir nokkurri eftirvæntingu eftir nýju kerfi. Nýja kerfið kallast Alma og er einnig frá Ex Libris. Kerfið var formlega opnað í júní og síðan þá hafa notendur, flest bókasöfn á Íslandi, verið að fóta sig í nýju kerfi. Eins og gefur að skilja hafa verið nokkrir byrjunarörðugleikar en allt stefnir í rétta átt og hefur starfsfólk Landskerfis, sem heldur utan um rekstur kerfisins, verið ötult við halda hin ýmsu námskeið fyrir notendur. Forstöðumaður var duglegur við að sækja hin ýmsu námskeið og telur sig vera nokkuð vel að sér í nýju kerfi.

### Grisjun

Viðamikil grisjun hófst á árinu. Farið var eftir grisjunarviðmiðum úr stefnu safnsins 2021-2023 (sjá mynd á bls. 24).



Fyrsti áfangi grisjunar fólst í að fara í gegnum bækur sem ekki var í hillum heldur í kössum í geymslu og grisja samkvæmt grisjunarstefnu.

Annar áfangi fólst í að fara í gegnum allan tímaritakost safnsins, raða uppá nýtt og grisja úr samkvæmt grisjunarstefnu, í þessum áfanga voru grisjaðir um 130 titlar.

Þriðji áfangi fólst í að fara í kerfisbundið í gegnum hillur í Almennu rými (*Almenn rit*) í Dewey röð og var byrjað á flokki 001 og endað á flokki 330. Í þessum áfanga og fyrsta áfanga voru grisjaðir um 300 titlar. Lengra komst grisjunin ekki vegna lokunar safnsins vegna myglu sem upp kom í safninu í kjölfar leka.

**GRISJUN SAFNKOSTS – viðmið og aðferð**

**Við grisjun úr safnkosti skulu eftirfarandi viðmið höfð til hliðsjónar:**

1. Fellur utan söfnunarsviðs safnsins (atvinnu- og verkalýðssaga og handbókasafn RA).
2. Er ekki hluti af stofngjöf safnsins.
3. Inniheldur gamlar eða úreltar upplýsingar sem ólíklegt er að muni nýtast við rannsóknir eða þekkingaröflun. Þetta skal borið undir valda fræðimenn.
4. Er slitið, óhreint eða óheilt.
5. Bara til sem lítill hluti af heild til (t.d. einstaka árgangar eða bindi) og ólíklegt að hægt verði að bæta úr því.
6. Er aðgengilegt á öðrum almenningabókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu.
7. Er aðgengilegt á [www.timarit.is](http://www.timarit.is) eða annars staðar á netinu.
8. Annað sem bókasafns- og upplýsingafræðingur færir fagleg rök fyrir.
9. Stjórn safnsins samþykkir eða synjar tillögum bókasafns- og upplýsingafræðingsins

**Við grisjun safnkosts skal eftirfarandi aðferð beitt:**

1. Efni metið samkvæmt ofangreindum viðmiðum.
2. Kanna skal á leitir.is hvort efnið sé tiltækt á öðrum söfnum; ef svo er ekki skal bjóða það öðrum opinberum söfnum að gjöf.
3. Ef ekkert bókasafn vill þiggja efnið þá má selja það eða bjóða þriðja aðila að gjöf.
4. Starfsmenn bókasafns, stjórn þess eða stjórnir og starfsmenn Eflingar og RA mega aðeins eignast efni úr bókasafninu þegar þeir hafa sannanlega fylgt ofangreindum þremur stigum.

Þegar bókum er fargað, skal það gert eftir að ofangreindum fjórum skrefum hefur verið fylgt.

Grisjun safnkosts – viðmið og aðferð, úr Bókasafn Dagsbrúnar Stefna 2021-2023, bls. 10-11 sjá vef ReykjavíkurAkademíunnar.

### Enduruppröðun bókakostsins og nýjar safndeildir

Safnkostur Bókasafns Dagsbrúnar er flokkaður samkvæmt Dewey flokkunarkerfinu og skráður í Gegni. Það fyrsta sem forstöðumaður rak augun í er hann tók við starfi sínu var að safnkosti var ekki raðað í röð í safninu. T.d. var 900 flokkurinn raðað á undan 800 flokknum, hluti 800 var í geymslu innan af Dagsbrúnni (Hlöðunni), og flokkar 500-700 voru í heild sinni í

Hlöðunni. Einnig var hluti tímaritakosts í aðalrými en meginþorri í Hlöðunni. Endurskipulagning safnsins hverfist í kringum það að raða samkvæmt Dewey kerfinu og koma öllum flokkum fram í aðalrými safnsins en tímaritaforða inn í Hlöðuna. Þá var stórum tímaritum og bókum (merkt Folio í Gegni) komið fyrir í Hlöðunni. Þannig losnaði heill hillurekki í aðalrými. Að auki var búin til ný safndeild *Hlaðan*, þar sem að safna á saman efni eins og skýrslum, bæklingum, smáprenti og sérprenti sem til þessa hefur verið í *Almenn rit*. Þá var



búin til safndeildin *Héðinssafn* sem mun rýma bækur úr stofngjöf safnsins sem verður komið fyrir í gömlum bókaskáp í afgreiðslu safnsins. Ekki tókst að ljúka þessari endurröðun vegna lokunar safnsins.

Með þessu og grisjun safnkosts skapast aukið rými í aðalrými bókasafnsins fyrir þær bækur sem þar eru fyrir og nýjar bækur í framtíðinni. Forsenda þess að bókasafn geti stækkað er að þar sé rými í hverri hillu fyrir nýtt efni, þær forsendur munu skapast með þessari endurskipulagningu.

### Héðinssafn, stofngjöfin

Auk grisjunar og endurskipulagningar var hafist handa við að finna, skrá og koma fyrir í sérstakri safndeild, safnkosti þeim er kölluð hefur verið stofngjöf. Eru þetta rit sem Guðrún Pálsdóttir ekkja Héðins Valdimarssonar gaf safninu og mynda stofn þess og stoð. Þær kvaðir liggja á þessari gjöf að ekki má grisja né lána úr henni. Á árinu 2022 var hafist handa við að skrá sérstaklega stofngjöfina í Gegni. Búin var til sérstök safndeild, Héðinssafn, fyrir þessi rit en auk þess er sett í lýsingu eintaks eftirfarandi texti: *Bókagjöf Guðrúnar Pálsdóttur ekkju Héðins Valdimarssonar til Dagsbrúnar í janúar 1956*, Útlánareglum var einnig breytt úr **Innanhúsláni** í **Ekki lánað**. Í nóvember 2022 var búið að breyta skráningu á ríflega 100 bókum af 2668.

### Þorgerðarsafn

Ágúst Ásgeirsson færði safninu að gjöf bækur konu sinnar dr. Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur kynjafræðings

á Þorgerðarmálum, málþingi sem haldið 17. september í Dagsbrún. Þorgerður var velunnari safnsins og fræðimaður við Akademíuna.

Bókagjöfin telur 131 titlar og þar af eru 32 titlar sem hvergi eru annars staðar til á Íslandi en á bókasafni Dagsbrúnar. Þetta eru mikið til bækur um femínisma og skyldar greinar og mikil fengur fyrir safnið. Bækurnar eru auðþekktanlegir með límmiða í hverju riti þar sem ritað er: *Úr bókasafni Dr. Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur*. Auk þess er gjöfin sérstaklega skráð í gegni með sömu athugasemd við hvert rit.

### Aðföng og útlán

Heildarútlán fyrir safnið voru 71 á árinu, 68 bækur og 3 tímaritshefti.

### SAFNIÐ Í TÖLUM

Titlar 9.115, eintök 12.257.

Eftir efnistegundum:

Bækur	8.360
Tímarit	735
Tónlist	11
Myndefni	8
Kort	1

Eftir útgáfuárum:

1599-1944	2.154
1945-1963	2.162
1964-1983	2.257
1984-2011	2.263
2012-2022	243

Eftir tungumálum:

Íslenska	6.643
Enska	1.589
Danska	567
Þýska	258
Önnur tungumál	547

Nýskráðir titlar árinu voru 322 og er þar stærst bækur frá Þorgerði H. Þorvaldsdóttur eða 131. Annað nýskráð efni á árinu eru minni gjafir frá Merði Árnasyni og Katrínu Theodórsdóttur, bækur skrifaðar af

Akademónum, tímarit í áskrift, bækur frá Hagþenki og bækur sem hafa verið keyptar.

### **Aðföng og útlán**

Í maí uppgötvaðist að lekið hafði inn í steinklefan þar sem fágætisbækurnar eru geymdar. Rýma þurfti klefan og koma fyrir annars staðar í safninu. Línoleumdúkur var rifinn af gólfi, gólf og veggir pússaðir og gólf flotað. Eftir flotun kom í ljós að gólf var ekki þorna sem skildi. Þetta var í lok september og var þá forstöðumaður farinn að veikjast ískyggilega oft. Að lokum var verkfræðistofan Mannvit fengin til að mæla fyrir myglu. Í ljós koma að myglu var að finna víðsvegar um safnið, þá aðallega í Hlöðunni þar sem allur tímaritakostur er

geymdur ásamt ýmsu öðru efni, um 3000 titlar. Í desember var öllum safnkosti í Hlöðunni pakkað ofan í kassa og komið fyrir í geymslu og parket og línoleumdúkur rifinn af gólfinu. Að lokum var ákveðið að pakka öllu safninu niður. Óvíst er um verklok. Það er ljóst að þetta er gríðarlegt áfall fyrir Reykjavíkur-Akademíuna og bókasafnið. Framtíðin er óljós, í desember sagði forstöðumaður upp starfi sínu og lauk störfum um miðjan janúar 2023.

### **Bókasafn Dagsbrúnar, tekjur og kostnaður 2022**

Sjá ársreikningi ReykjavíkurAkademíunnar 2022 á bls. 28.

## Í MINNINGU BJÖRNS S. STEFÁNSSONAR (1937–2023)

Þann 31. maí 2023 andaðist Björn S. Stefánsson búnaðarhagfræðingur og þjóðfélagsfræðingur og forstöðumaður Lýðræðissetursins. Minningarorð um kæran félagan birtust í Morgunblaðinu 19. júní 2023.



### Kveðja frá ReykjavíkurAkademíunni

Sumt fólk er. Hvort sem það er á staðnum eða ekki. Allt frá fyrstu árum ReykjavíkurAkademíunnar hefur Björn Stefánsson haft þar skrifstofu og návist hans var næstum áþreifanleg, hvort sem hann var á staðnum eða ekki. Á skrifstofu sinni rak hann Lýðræðissetrið þar sem hann gerði rannsóknir á úrslitum kosninga út frá kenningum sínum um sjóðval og raðval sem vöktu athygli víða erlendis, þótt íslenskir stjórnáamenn hafi látið sér fátt um finnast. Löngum stundum sat fræðimaðurinn þar inni við rannsóknir sínar, og við hin sáum hann kannski bara þegar hann kom og fór.

Nema þegar hann kom fram til að ná sér í kaffi. Þá settist hann við borðið í kaffistofunni með kaffi með mikilli mjólk út í, sat álútur og dýfði mjólkurkexi eða kringlubita í kaffið upp á gamla móðinn. Sem var ekki skrítið því Björn var jú orðinn eldgamall. Stundum

náðist hann í spjall og þá lifnaði yfir honum og hann miðlaði af öllum þeim hafsjó af fróðleik sem hann bjó yfir, hvort sem var um menn eða málefni, ný eða gömul. Það var sama hvar borið var niður, alls staðar var Björn vel heima. Í spurningakeppni á jólahlaðborði sigraði hans lið með yfirburðum.

Björn lenti í hremmingum síðastliðið haust, slasaðist nokkuð og var frá um tíma. En strax og hann mögulega gat var hann mættur aftur og öll dáðumst við að seiglu hans og staðfestu og vorum viss um að hann ætti enn langt eftir ólifað. Því miður varð sú ekki raunin og við munum sakna hans.

Um nokkurt skeið hefur ReykjavíkurAkademían haft í bígerð að halda ráðstefnu honum og fræðastarfi hans til heiðurs en kóvid kom í veg fyrir að af því yrði þar til nú fyrir skömmu að ákveðið var að Björnsmál, ráðstefna um fræðaferil hans og kenningar, verði haldin á næstkomandi vetri. Björn var snortinn og glaður yfir þessum áætlunum. Nú er ljóst að Björn verður ekki viðstaddur í eigin persónu en hann verður áreiðanlega með okkur í anda og fylgist með úr sumarlandinu.

ReykjavíkurAkademían sendir aðstandendum Björns samúðarkveðjur.

Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar  
ReykjavíkurAkademíunnar

**ÁRSREIKNINGUR**  
**REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2022**

**REKSTRARREIKNINGUR 2022**

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	*2021
Fjárlög.....		24.000.000	23.200.000
Tekjur vegna bókasafns.....	7	15.160.484	14.105.000
Tekjur af framleigu.....	8	14.139.504	15.137.432
Aðrar tekjur.....	9	4.175.193	1.422.181
Reykjavíkurborg.....		0	2.000.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<u>57.475.181</u>	<u>55.864.613</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Gjöld af grunnstarfsemi.....	10	20.470.669	18.634.175
Kostnaður við verkefni.....	11	5.653.355	1.138.510
Gjöld vegna bókasafns.....	12	15.160.484	12.058.583
Gjöld vegna framleigu.....	13	17.332.678	21.393.279
Afskriftir.....	3	1.612.831	2.016.039
<b>Rekstrargjöld</b>		<u>60.230.017</u>	<u>55.240.586</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		( 2.754.836)	624.027
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		348.769	70.504
Vaxtagjöld.....		( 990)	( 46.807)
		<u>347.779</u>	<u>23.697</u>
<b>Rekstrarárangur</b>		( 2.407.057)	647.724
Fjármagnstekjuskattur.....		( 60.399)	( 15.150)
<b>Rekstrarárangur ársins</b>		<u>( 2.467.456)</u>	<u>632.574</u>

\*Breytt framsetning frá fyrra ári, sjá skýringu 1a

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2022**

**Eignir**

	2022	2021
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Innréttingar bókasafni.....	5.077.102	6.346.378
Uppþöktutæki.....	1.374.219	1.717.774
Málverk.....	125.000	125.000
3	6.576.321	8.189.152

**Veltufjármunir**

Viðskiptakröfur.....	1.483.390	267.930
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	1.350.093	0
Handbært fé.....	13.741.505	17.508.711
	16.574.988	17.776.641

<b>Eignir samtals</b>	23.151.309	25.965.793
-----------------------	------------	------------

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé.....	19.220.197	21.687.653
4	19.220.197	21.687.653

**Skuldir**

Ógreiddur kostnaður.....	1.499.245	2.108.481
Verkefni í vinnslu.....	1.481.586	1.598.293
Laun og launatengd gjöld.....	930.081	552.566
Útvarpsgjald.....	20.200	18.800
	3.931.112	4.278.140

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	23.151.309	25.965.793
------------------------------------	------------	------------

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI	2022	2021
<b>HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI</b>		
Frá rekstri ( 2.467.456)		632.574
<b>Mismunur á rekstrarárangri og handbæru fé til rekstrar</b>		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir.....	1.612.831	2.016.039
Hreint veltufé frá rekstri ( 854.625)		2.648.613
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		
Skammtimakröfur, (hækkun), lækkun.....	( 2.565.553)	214.229
Skammtimaskuldir, hækkun, (lækkun).....	( 347.028)	1.515.995
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum ( 2.912.581)		1.730.224
Handbært fé frá rekstri ( 3.767.206)		4.378.837
<b>FJÁRFESTINGAHREYFINGAR</b>		
<b>Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum</b>		
Ahöld og tæki.....	0	( 2.147.218)
Ráðstöfun handbærs fjár	0	( 2.147.218)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	( 3.767.206)	2.231.619
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....	17.508.711	15.277.092
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK.....	13.741.505	17.508.711
<b>KENNITÖLUR</b>		
Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.....	83,02%	83,52%
Veltufjárhlutfall.....	4,22	4,16

**ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS  
REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2022**

***Rekstrarreikningur ársins 2022***

<b><i>Tekjur:</i></b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
Félagsgjöld .....	172.700	487.400
Vaxtatekjur .....	13.754	1.590
Aðrar tekjur	0	0
	<hr/>	<hr/>
	186.454	488.990
	<hr/>	<hr/>
<b><i>Gjöld:</i></b>		
Kostnaður vegna aðalfundar .....	0	7.940
Ferðir og skemmtanir .....	3.675	147.800
Öndvegiskaffi.....	0	51.800
Fjármagnstekjuskattur .....	3.272	350
Þjónustugjöld og kostnaður .....	26.666	25.839
RA stúdentastofa .....	171.129	161.494
Afmælistálfing 7. maí og 4. nóv.	200.000	0
Gerð veflægs félagatals	63.984	0
Lén .....	6.643	6.330
	<hr/>	<hr/>
	475.369	401.553
	<hr/>	<hr/>
<b><i>Tekjur umfram gjöld</i></b>	<b>-288.915</b>	<b>87.437</b>

***Efnahagsreikningur pr. 31. des. 2022***

***Eignir:***

*Veltufjármunir:*

Landsbanki 0101-26-530697 .....	159.310	259.139
Landsbanki 0101-15-630905 .....	407.053	596.139
	<hr/>	<hr/>
<b><i>Eignir samtals</i></b>	<b>566.363</b>	<b>855.278</b>

***Skuldir og eigið fé:***

*Eigið fé:*

Hrein eign frá fyrra ári .....	566.363	842.226
Tekjur umfram gjöld .....	-88.915	87.437
Óinnheimtar tekjur .....	0	0
	<hr/>	<hr/>
	477.448	929.663

*Skuldir:*

Útistandandi skuldir	0	12.950
	<hr/>	<hr/>
	0	12.950

<b><i>Skuldir og eigið fé samtals</i></b>	<b>477.448</b>	<b>942.613</b>
---	----------------	----------------



## FRÆÐIMENN OG FÉLÖG

### Konur og menn

Eftirfarandi fræðikonur og menn, rithöfundar og skáld störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni um lengri eða skemmri tíma á árinu 2022:

Aðalsteinn Eyþórsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnór Gunnar Gunnarsson, Arnþór Gunnarsson, Atli Antonsson, Árni Finnsson, Ásthildur Elfa Bernharðsdóttir, Bára Baldursdóttir, Björg Árnadóttir, Björg Hjartardóttir, Björn Halldórsson, Björn S. Stefánsson, Emily Turner, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Þorri Pétursson, Gylfi Gunnlaugsson, Haukur Arnþórsson, Hjörleifur Hjartarson, Hrund Ólafsdóttir, Hörður Andri Steingrímsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ingimar Einarsson, Ingunn Ásdísardóttir, Katrín Theódórsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Lilja Hjartardóttir, Mörður Árnason, Oddný Eir Ævarsdóttir, Ólafur Haukur Árnason, Ólöf Anna Jóhannsdóttir, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Salvör Aradóttir, Sólrún Harðardóttir, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, Stefán Pálsson, Svanur Kristjánsson, Þorleifur Hauksson, Þórunn Valdimarsdóttir og Þuríður Jónsdóttir.

Ritaskrá fyrir árið 2022 verður birt á heimasíðu Akademíunnar, [www.akademia.is](http://www.akademia.is)

### Félög og fyrirtæki

Á árinu 2022 störfuðu eftirfarandi félög og fyrirtæki innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Bókasafn Dagsbrúnar, U3A Reykjavík, Hagþenkir félag fræðibókahöfunda, Stílvopnið, Listmeðferð Unnar, Lýðræðissetrið og Náttúruverndarsamtök Íslands



## REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Pórunnartúni 2, 105 Reykjavík  
ra@akademia.is – sími 562 8565  
www.akademia.is